

**Prófnefnd löggiltra endurskoðenda**  
**Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum**  
**Próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum**  
**6. október 2022**  
**kl. 9:00 – 14:00**

*Ábendingar:*

*Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.*

*Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.*

*Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.*

*Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.*

*Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.*

*Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.*

## **Verkefni 1 – 90 mín.**

Verktakafyrirtækið EVK byggingar ehf. (hér eftir EVK) er byggingarfyrirtæki í Reykjavík sem er í viðskiptum hjá endurskoðunarfyrirtækinu sem þú starfar hjá. Um er að ræða félag með nokkuð umfangsmikinn rekstur og hefur stefnan verið sett á að skrá hlutafé þess á markað á næstu misserum. Nýlega undirritaði framkvæmdastjóri EVK samning við bæjarstjórn Hvolsvallar um byggingu á nýjum miðbæ en EVK var með lágsta tilboðið í útboði sem opnað var fyrir skemmstu. Samkvæmt útboðslýsingu er gert ráð fyrir að verklok EVK verði eigi síðar en um mitt ár 2026 en verkefnið mun byrja í mars 2023 og sjá forsvarsmenn EVK fyrir sér að jarðvinna muni taka um það bil átta mánuði áður en eiginleg byggingarvinna getur hafist.

EVK hefur í hyggju að skrifa undir samning við eistneska einkahlutafélagið Baltic sem mun sjá um alla jarðvegsvinnu fyrir EVK á Hvolsvelli. Baltic hefur í hyggju að flytja inn sérstakar vinnuvélar til að nota við þetta verkefni og flytja þær svo aftur til Eistlands að verkefninu loknu. Þá munu um það bil 50 starfsmenn Baltic vinna á Íslandi þann tíma sem Baltic starfar við verkefnið hér á landi, enginn þeirra þó lengur en 183 daga.

Forráðamenn EVK vilja hafa skattamál sín í lagi og því hafa þeir nú sem fyrr leitað til þín en þú ert aðaltengiliður EVK hjá endurskoðunarfyrirtækinu. EVK óskar annars vegar eftir ráðgjöf í tengslum við fyrirhugaðan samning við eistneska fyrirtækið Baltic sem mun sjá um jarðvegsvinnu vegna nýja miðbæjarins á Hvolsvelli og hins vegar eftir ráðgjöf í tengslum við mögulega skráningu félagsins á markað.

### **Úrlausnarefni:**

**Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum og rökstyðja svör, m.a. með vísan til viðeigandi ákvæða laga og reglna.**

### **Spurning 1. (60 mín.)**

**EVK byggingar ehf. og Baltic:**

- A. Hvaða reglur gilda um skattskyldu Baltic hér á landi?**
- B. Hvaða reglur gilda um skattskyldu starfsmanna Baltic hér á landi?**
- C. Ber Baltic að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni hér á landi?**
- D. Ætti EVK að sækja um sérstaka skráningu til skattfirvalda?**

**Spurning 2. (30 mín.)**

**Stjórnendur EVK velja því fyrir sér hvaða þýðingu það muni hafa varðandi stjórnarhætti þess ef það verður skráð á markað.**

- A. Hvaða þýðingu mun það hafa fyrir stjórnun félagsins og mun lagaskylda varðandi stjórnarhætti þess verða önnur?**
- B. Hvað með upplýsingagjöf stjórnenda um ófjárhagsleg málefni svo sem umhverfi og stjórnarhætti?**

**Svarið í word-svarskjali**

## Verkefni 2 – 85 mín.

Fjármálastjóri Ferðafuglsins ehf. hefur gert drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2021 og óskar hann eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattstofn félagsins og skattskuldbindingu / skatteign í árslok 2021.

Ferðafuglinn ehf. á dótturfélagið Draugagang ehf.

Aðalstarfsemi Ferðafuglsins ehf. er ferðaþjónusta á Íslandi, en félagið rekur einnig minjagripaverslun.

Með beiðninni fylgja ýmsar upplýsingar er varða starfsemi Ferðafuglsins ehf. á árinu 2021 en fjármálastjórinn telur að þessar upplýsingar hafi áhrif á skattútreikninga ársins. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts nema annað sé tekið fram.

### Eftirfarandi gögn komu frá fjármálastjóranum:

- **Drög að rekstrar- og efnahagsreikningi (fylgiskjal 1).**
- **Reikningshaldsleg fyrningaskýrsla. (fylgiskjal 2)**
- **Sundurliðun skattskuldbindingar í árslok 2020 niður á einstaka liði. (fylgiskjal 2)**
- **Niðurstöður skattalegrar fyrningaskýrslu ársins 2020.**
- **Drög að skattalegri fyrningaskýrslu ársins 2021.**

Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.

### Skattstofn:

Fjármálastjórinn fer fram á að skattstofn félagsins verði lágmarkaður eða yfirferanlegt tap hámarkað. Hann vill jafnframt útskýringar þar sem að ykkar mati koma til greina fleiri en ein aðferð við að leiða fram skattstofn, eða um aðferðirnar ríkir óvissa. Ef um liði ríkir óvissa eða fleiri en ein aðferð koma til greina þurfið þið að útskýra það fyrir honum með tilvísunum í lög, úrskurði Yfirkattanefndar, bindandi álit o.s.frv. hvaða leiðir koma til greina og hvers vegna þið veljið ákveðna leið. Taka skal afstöðu til allra liða hér að neðan. Fjármálastjórinn óskar eftir því að allir liðir sem eiga að koma fram í skattstofni skv. skattframtali komi fram í útreikningunum.

Ef þið teljið að einhverir þeirra liða sem fjármálastjórinn hefur tekið saman vegna skattútreikninga eigi ekki við þá þurfið þið að útskýra í stuttu máli hvers vegna svo sé.

### Skattskuldbinding / skatteign:

Fjármálastjórinn óskar jafnframt eftir því að skattskuldbinding / skatteign félagsins í árslok 2021 verði reiknuð og sundurliðuð niður á einstaka liði.

1. Viðskiptakröfur greinast þannig samkvæmt ársreikningi:

	2021	2020
Viðskiptakröfur skv. bókhaldi .....	52.412.271	32.209.415
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 2.201.315 )	( 966.282 )
Krafa vegna sölu á eignarhlut í Afturgöngum ehf. ....	15.000.000	0
Fyrirfamgreiddur kostnaður .....	4.877.635	0
Fjármagnstekjuskattur .....	513.406	163.421
Inneign vegna virðisaukaskatts .....	0	3.736.877
Framvirkur samningur .....	250.000	0
Lán til Draugagangs ehf. ....	0	2.500.000
Viðskiptakröfur skv. ársreikningi .....	70.851.997	37.643.431

Í skattframtali 2021 vegna ársins 2020 var færð skattaleg hámarksniðurfærsla á viðskiptakröfur.

2. Birgðir félagsins eru metnar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

Í skattframtali 2021 vegna ársins 2020 var ekki færð 5% skattaleg niðurfærsla á birgðir, en birgðir voru niðurfærðar í reikningsskilum um 15%.

Birgðir í árslok greinast þannig, samkvæmt ársreikningi:

	2021	2020
Birgðir samkvæmt ársreikningi .....	29.989.136	38.255.330

3. Eignarhlutir í öðrum félögum, greinast þannig:

	Afturgöngur ehf. 100% eignarhl.	Draugagangur ehf. 100% eignarhl.	Rangur- gangur slhf. 12,5% eignarhl.
Bókfært verð í upphafi árs .....	7.385.796	5.753.646	
Fjárfesting ársins .....			15.000.000
Hlutdeild ársins .....	1.786.950	( 10.773.999 )	
Matsbreyting ársins .....		5.020.353	( 3.155.211 )
Arður .....			
Selt á árinu .....	( 9.172.746 )		
Bókfært verð í árslok .....	0	0	11.844.789
Arður ársins .....	0	0	0
Söluverð ársins .....	15.000.000	0	0

Þar sem Ferðafuglinn ehf. er ekki í neinum ábyrgðum fyrir Draugagang ehf. þá er eignarhluturinn bókfærður á 0 kr. í árslok 2021. Félagið hafði lánað Draugagangi ehf. 2.500.000 kr. á árinu 2020 og er sú krafa færð niður í 0 kr. Sú gjaldfærsla er meðal annars kostnaðar í rekstrarreikningi.

Ferðafuglinn ehf. keypti á árinu 12,5% eignarhlut í Röngum-gangi slhf. sem er ósjálfstæður skattaðili. Skattframtal félagsins vegna ársins 2021 liggur ekki fyrir, en eftirfarandi upplýsingar koma fram í ársreikningi:

Tap samkvæmt rekstrarreikningi .....	( 15.873.877 )
Meðal tekna og gjalda ársins eru eftirfarandi fjárhæðir:	
Tekjufærður arður .....	750.000
Sölutap af eignarhlutum í öðrum félögum .....	2.575.800
Matsbreyting eignarhluta í öðrum félögum .....	12.346.580

4. Markaðsverðbréf greinast þannig:

	Innlend hlutabréf	Erlend hlutabréf	Hlutdeildar- skírteini
Bókfært verð í upphafi árs .....	5.773.877	1.255.376	8.888.777
Fjárfesting ársins .....	15.000.000		10.000.000
Selt á árinu .....		( 3.000.000 )	
Gengisbreyting, myntar .....		250.377	
Matsbreyting ársins .....	3.773.879	662.834	( 2.777.500 )
Söluhagnaður .....		831.413	
	24.547.756	0	16.111.277

5. Á undanförunum árum hefur félagið verið með fasteign á leigu og var færð upp leigueign og leiguskuld vegna þessa á árinu 2020. Á árinu 2021 var leigusamningi vegna eignarinnar rift og í kjölfarið keypti það eign fyrir starfsemina.

Leigueign og leiguskuld greinist þannig samkvæmt ársreikningi:			
		Leigueign	Leiguskuld
Staða í upphafi árs .....		27.111.587	( 28.333.877 )
Afskriftir ársins .....	( 2.625.000 )		0
Uppgjör samnings .....	( 25.522.613 )		25.522.613
Söluhagnaður .....		1.036.026	0
Afborganir ársins .....		0	3.566.834
Vextir ársins .....		0	( 755.570 )
		0	0

6. Félagið hefur fært gengismun í skattframtöl í samræmi við skattalög.

Gengistap samkvæmt ársreikningi 2020 .....	( 24.852.289 )
Gengistap samkvæmt ársreikningi 2019 .....	( 3.788.777 )

7. Félagið var með einn framvirkan samning á árinu 2021, sem var með lokadagsetningu þann 15. desember 2021, en þar sem það var tap á samningnum á þeim degi var tekin ákvörðun um að framlengja samningnum til 15. febrúar 2022. Samningurinn greinist þannig á árinu:

Upphafsgreiðsla vegna samnings .....	1.000.000
Markaðsverð á samningi þann 15. desember 2021 .....	500.000
Markaðsverð á samningi þann 31. desember 2021 .....	250.000

8. Skattaleg fyrningarskýrsla.

		<b>Viðskiptavild</b>
Heildarverð 31.12.2020 .....		6.000.000
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2020 .....	(	600.000)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2020 .....		5.400.000
	<b>Áhöld og tæki</b>	<b>Bifreiðar</b>
Heildarverð 31.12.2020 .....	95.114.870	35.877.000
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2020 .....	( 37.995.470)	( 15.733.870)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2020 .....	57.119.400	20.143.130
Heildarverð 1.1.2021 .....	95.114.870	35.877.000
Selt á árinu, bókfært verð .....		( 3.995.873)
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2021 .....	( 57.987.260)	( 21.385.410)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2021 .....	37.127.610	10.495.717

Á kaupdegi nam lóðarhluti fasteignamats fasteigna 15% af kaupverðinu.

Félagið keypti fasteign undir starfsemi sína þann 1. október 2021 og nam kaupverðið 80.000.000 kr. Um er að ræða verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Skattalega fyrningaskýrslan er án eigna sem keyptar voru á árinu, en eldri eignir eru fyrndar hámarksfyrningu samkvæmt skattalögum í fyrningaskýrslunni.

Söluverð bifreiða á árinu .....	5.000.000
Kaupverð áhalda og tækja á árinu .....	10.000.000
Kaupverð bifreiða á árinu .....	7.550.000

9. Fyrir liggja eftirfarandi upplýsingar úr prófjöfnuði / launabókhaldi félagsins:

	<b>2021</b>
Bifreiðahlunnindi samkvæmt launamiðum .....	1.850.000
Bókhaldslykill - 7010 - Rekstrarkostnaður, fólksbifreiðar (hlunnindi) .....	1.750.370
Bókhaldslykill - 5006 - Afskrift fólksbifreiðar (hlunnindi) .....	550.000
Bókhaldslykill - 4001 - Áætlaður bónus til starfsmanna vegna ársins 2021 .....	10.000.000
Bókhaldslykill - 5008 - Sekt fyrir of hraðann akstur .....	250.000
Bókhaldslykill - 5009 - Stöðumælasektir .....	65.000

10. Aðrar tekjur greinast þannig:

	<b>2021</b>
Styrkur vegna greiðslu hluta launakostnaðar í uppsagnarfresti .....	25.000.000
Aðrir COVID 19 styrkir .....	10.000.000
Söluhagnaður fastafjármuna .....	1.277.657
Tjónabætur .....	14.746.355
	51.024.012

11. Á árinu var félagið Langur-gangur ehf. úrskurðað gjaldþrota og skiptum lokið. Ferðafugl ehf. átti 25% eignarhlut í félaginu, en engar greiðslur fengust vegna þessa.

Eignarhluturinn í Löngum-gangi ehf. var niðurfærður að fullu á árinu 2019 og greindist hann þannig:

Upphaflegt kaupverð .....	20.000.000
Færð hlutdeild í afkomu .....	( 20.000.000 )
Bókfært verð 31.12.2019 .....	0

12. Á árinu 2022 var samþykkt samsköttun Ferðafugls ehf. og Draugagangs ehf. fyrir árið 2021.

Yfirfæranleg skattaleg töp Ferðafugls ehf. frá fyrri árum sundurliðast þannig:	
Tap ársins 2020 .....	( 15.877.345 )
Tap ársins 2019 .....	( 19.755.344 )
	( 35.632.689 )

Skattframtal Draugagangs ehf. fyrir árið 2021 liggur fyrir, samkvæmt því er yfirfæranlegt skattalegt tap til næstu ára 23.333.754 kr. og greinist það þannig:

Skattstofn ársins, hagnaður 2021 .....	4.785.967
Tap ársins 2020 .....	( 12.755.201 )
Tap ársins 2019 .....	( 15.364.520 )
	( 23.333.754 )

Óskað er eftir að tekin sé afstaða til þess hvaða fjárhæð þarf að flytja á skattframtal Ferðafugls ehf. vegna samsköttunar félaganna á árinu 2021. Óskað er eftir útskýringu á því hvernig fjárhæðin er fundin.

#### Úrlausnarefni:

**Fjármálastjóri Ferðafuglsins ehf. hefur gert drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2021 og óskar hann eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattstofn félagsins og skattskuldbindingu / skatteign í árslok 2021.**

**Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.**

#### Skattstofn:

**Fjármálastjórinn fer fram á að skattstofn félagsins verði lágmarkaður eða yfirfæranlegt tap hámarkað. Hann vill jafnframt útskýringar þar sem að ykkar mati koma til greina fleiri en ein aðferð við að leiða fram skattstofn, eða um aðferðirnar ríkir óvissa. Ef um liði ríkir óvissa eða fleiri en ein aðferð koma til greina þurfið þið að útskýra það fyrir honum með tilvísunum í lög, úrskurði Yfirskattanefndar, bindandi álit o.s.frv. hvaða leiðir koma til greina og hvers vegna þið veljið ákveðna leið. Taka skal afstöðu til allra liða hér að neðan. Fjármálastjórinn óskar eftir því að allir liðir sem eiga að koma fram í skattstofni skv. skattframtali komi fram í útreikningunum.**

**Ef þið teljið að einhverjir þeirra liða sem fjármálastjórinn hefur tekið saman vegna skattútreikninga eigi ekki við þá þurfið þið að útskýra í stuttu máli hvers vegna svo sé.**



*Skattskuldbinding / skatteign:*

Fjármálastjórinn óskar jafnframt eftir því að skattskuldbinding / skatteign félagsins í árslok 2021 verði reiknuð og sundurliðuð niður á einstaka liði.

**Svarið í excel-svarskjali**

### Verkefni 3 – 45 mín.

Fyrirtækið Hilluverksmiðjan ehf. í Grundavík byrjaði starfsemi 1. janúar 2021. Það framleiðir og selur járnhillur.

Kostnaður fyrirtækisins fyrir árið 2021 var eftirfarandi:

Kostnaður í þús. kr.	Breytilegur kostnaður	Fastur kostnaður
Hráefniskostnaður	140.000	
Laun í framleiðslu	46.000	
Hiti og rafmagn í framleiðslu	5.000	
Óbein, rekjanleg laun í framleiðslu	10.000	
Annar óbeinn, rekjanlegur framleiðslukostnaður	32.000	
Sölu-, dreifingar- og þjónustukostnaður	122.850	40.000
Stjórnunarkostnaður		50.000

Úr bókhaldi fyrirtækisins sjáum við líka eftirfarandi:

	1.1.2021	31.12.2021
Hráefni á lager		2000 kg.
Vörur í vinnslu	0 einingar	0 einingar
Fullunnar vörur á lager	0 einingar	????????

Á árinu 2021 voru framleiddar 100.000 einingar.

Það fara 2 kg af járn í að framleiða eina hillu.

Salan á árinu 2021 var 436.800 þús. kr.

Bæði innkaupverð pr. kg og söluverð pr. hillu voru óbreytt allt árið.

Kostnaðarverð fullunninna vara á lager í árslok 2021 var 20.970 þús. kr.

### Úrlausnarefni:

Þú ert starfsmaður Endurskoðunarskrifstofu Grundavíkur. Þér hefur verið falið að veita Hilluverksmiðjunni ráðgjöf um hvernig best er að meta kostnaðarverð birgða þannig að það standist þær kröfur sem koma fram í lögum um ársreikninga. Fjármálastjóri Hilluverksmiðjunnar telur sig hafa heyrt að birgðirnar þurfi að vera á framleiðslukostnaðarverði sem samanstandi af bæði beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Eins þurfi líka að meta birgðir við dagverði og skoða hvort það sé lægra en kostnaðarverð.

- Hvers virði var hráefnislagerinn í lok árs 2021?
- Hvað liggja margar fullunnar einingar á lager í árslok 2021?
- Hvert var söluverð pr. einingu árið 2021?
- Hver var framlegð fyrirtækisins árið 2021?

*Sýndu útreikninga og rökstyddu niðurstöður þínar.*

**Svarið í excel- eða word-svarskjali**

#### Verkefni 4 – 30 mín.

Fljótlega eftir að Alma Gunnarsdóttir útskrifaðist úr menntaskóla stofnaði hún ásamt þremur bestu vinkonum sínum, þeim Ásu, Signýju og Helgu, sameignarfélagið Svalandi. Hver þeirra á 25% eignarhlut í félaginu. Svalandi sf. er sjálfstæður skattaðili og bera Alma og vinkonur hennar beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Þær hafa allar alla tíð haft mikinn áhuga á íslensku ullinni, en ull hefur frá náttúrunnar góða einangrunareiginleika. Frá stofnun félagsins hafa þær stöllur hannað, þrjónað og selt ullarflíkur. Hingað til hefur vinna þeirra fyrir Svalandi sf. verið aukastarf en á allra síðustu árum hefur félaginu vaxið fiskur um hrygg og nú er svo komið að Ása og Helga vinna í fullu starfi hjá félaginu. Eftir margra mánaða undirbúning hefur Svalandi sf. nú hafið samstarf við nokkra stóra aðila í Norður- og Vestur Evrópu um sölu og framleiðslu á vörum sínum.

Vegna þróunar í starfsemi Svalandi sf., umfangs og vaxtar starfseminnar eru eigendurnir þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að gera breytingar á ábyrgð félagsmanna enda komi Alma og Signý lítið að ákvarðanatöku um stefnu og framtíðarsýn félagsins. Þær vilja því breyta félagssamningi Svalandi sf. þannig að sameignarfélagið verði að samlagsfélagi. Þannig muni firmaheiti félagsins breytast til samræmis við breytingarnar á félagssamningnum auk þess sem tilgreint verði hvaða félagsmenn beri annars vegar takmarkaða ábyrgð og hins vegar ótakmarkaða ábyrgð. Ekki verði hróflað við ákvæðum um eignarhlutföll eigenda, innborgaðs stofnfjár þeirra eða hvernig félagsslitum skuli háttað. Því muni engar breytingar eiga sér stað á lögaðilanum sem slíkum.

#### Úrlausnarefni:

**Alma, Ása, Signý og Helga hafa leitað til þín sem sérfræðings og óska eftir ráðgjöf. Þær velta því fyrir sér hvaða skattalegu afleiðingar þetta muni hafa fyrir félagið og þær persónulega, ef einhverjar. Verkefni þitt er að veita þeim ráðgjöf varðandi það hvað best sé að gera en þær vilja draga úr ábyrgð sinni á skuldbindingum Svalandi sf. Er mögulega betra að fara aðra leið en þær eru að velta fyrir sér og þá hvers vegna?**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

#### **Svarið í word-svarskjali**

## Verkefni 5 – 45 mín.

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir um eigið fé félagsins, Fundið fé ehf.

Hluthafar félagsins eru:

Innborgað hlutafé - Einkahlutafélög kr. 1.000.000.

Innborgað hlutafé - Einstaklingar kr. 1.300.000.

	Yfirverðsreikningur			Bundinn hlutdeildar- reikningur	Þýðingar- munur	(Ójafnað) óráðstafað eigið fé	Samtals
	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	innborgaðs hlutafjár				
Eigið fé 1.1.2021 .....	2.300.000	345.000	2.300.000	559.000	88.700 (	215.000 )	5.377.700
Þýðingarmunur ársins .....					( 15.300 )	(	15.300 )
Hagnaður ársins .....						351.630	351.630
Lagt í lögbundinn varasjóð .....		16.732				( 16.732 )	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga umfram fenginn arð ...				17.000		( 17.000 )	0
<b>Eigið fé 31.12.2021 .....</b>	<b>2.300.000</b>	<b>361.732</b>	<b>2.300.000</b>	<b>576.000</b>	<b>73.400</b>	<b>102.899</b>	<b>5.714.030</b>
Milliuppgjör janúar til júní 2022, hagnaður tímabilsins						173.855	173.855
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga umfram fenginn arð ...				10.500		( 10.500 )	0
<b>Eigið fé 30.6.2022 .....</b>	<b>2.300.000</b>	<b>361.732</b>	<b>2.300.000</b>	<b>603.500</b>	<b>73.400</b>	<b>249.254</b>	<b>5.887.885</b>

## Úrlausnarefni:

Á stjórnarfundum félagsins í september 2022 ákvað stjórn félagsins að óska eftir ráðgjöf um hvaða fjárhæð félagið gæti að hámarki greitt út til hluthafa. Það er mat stjórnenda að þrátt fyrir að nánast allt eigið fé félagsins yrði greitt út þá hefði það ekki áhrif á rekstrarhæfi þess, enda skuldar félagið ekkert.

Stjórn félagsins óskar eftir því að þú ráðleggir þeim með hvaða hætti félagið geti greitt út sem mest af eigin fé og hvernig útgreiðslan yrði skattlögð hjá hluthöfum.

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í excel eða word-svarskjali**